Hópuppsagnir í apríl 2009

5. maí 2009

Í apríl bárust Vinnumálastofnun 6 tilkynningar um hópuppsagnir þar sem sagt var upp samtals 283 einstaklingum. Tvær tilkynningar voru úr mannvirkjagerð, ein tilkynning úr flutningastarfsemi, ein tilkynning úr sérfræðiþjónustu, ein tilkynning úr iðnaði og ein tilkynning úr ýmissi þjónustu.

Mynd 1. Skipting hópuppsagna í apríl á atvinnugreinar



Helstu ástæður uppsagna eru rekstrarerfiðleikar, endurskipulagning og óvissa um samninga við viðskiptamenn. Ef litið er á allar tilkynntar hópuppsagnir, sem borist hafa síðustu mánuði og koma til framkvæmda á árinu 2009, má sjá að flestir misstu vinnu í febrúar, eða yfir 1.100 manns, rúmlega 1.000 í janúar, tæplega 500 í byrjun mars, yfir 200 í apríl og yfir 100 í maí. Milli 150 og 230 manns munu missa vinnu í hverjum mánuði frá júlí fram í september.

Mynd 2. Hópuppsagnir sem koma til framkvæmda á árinu 2009